

Mál nr. 3

Knattspyrnudeild Ungmennafélagsins Stjörnunnar, Garðabæ gegn Knattspyrnudeild ÍBV-Íþróttafélags, Vestmannaeyjum

Kæra Stjörnunnar

Undirritaður lögmaður, f.h. knattspyrnudeildar UMF Stjörnunnar, leyfi mér hér með að leggja fram eftirgreinda kæru vegna leiks Íþróttabandalags Vestmannaeyja og UMF Stjörnunnar í meistaraflokki kvenna í 8-liða úrslitum bikarkeppni KSÍ, Coca-Cola bikarkeppinnar, en leikurinn var háður í Vestmannaeyjum miðvikudaginn 15. júlí 1998 kl. 20:00.

Dómkröfur

Ofangreindum leik lyktaði með sigri kærða 2-0. Þess er krafist að úrslit leiksins verði gerð ógild og að kæranda verði dæmdur sigur í leiknum 3-0. Jafnframt er þess krafist að hið kærða félag verði sektað skv. sektarákvæðum reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Málsatvik

Þann 15. júlí 1998 léku ÍBV og UMF Stjarnan í meistaraflokki kvenna í 8-liða úrslitum bikarkeppni KSÍ, Coca-Cola bikarnum og lyktaði leiknum með sigri ÍBV 2-0. Við eftirgrennslan hefur hins vegar komið í ljós að kærandi telur kærða hafa haft á að skipa ólöglegum leikmanni og þannig eigi að dæma kæranda sigur í leiknum, skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Sá leikmaður sem kærandi telur hafa verið ólöglegan í leiknum er sænska stúlkan Joan Nilsson, sem var á leikskrá í umræddum leik sem leikmaður ÍBV nr. 15.

Samkvæmt útskrift á félagaskiptablaði Knattspyrnusambands Íslands gekk téð Joan Nilsson úr röðum ÍBV þann 17. desember 1997 yfir í sænskt félag og hefur skv. skriflegri staðfestingu starfsmanns KSÍ ekki leikheimild með ÍBV, þar sem telja verður hana ennþá vera félagsbundna hinu sænska liði. Fullfrágengin tilkynning hafði ekki borist Knattspyrnusambandi Íslands og hafði því téður leikmaður á keppnisdægri, að mati kæranda, ekki lögbundna leikheimild til að leika með ÍBV í leiknum.

Lagarök

Varðandi lagarök vísar kærandi aðallega til 4. kafla reglugerðar KSÍ og til reglugerðar KSÍ um félagaskipti leikmanna. Nánar tilgreint er vísað til eftirtalinna reglugerðarákvæða:

1. Varðandi varnarþing er vísað til h. liðar 2. gr 4. kafla.
2. Varðandi það að leikheimild hafi skort fyrir Joan Nilson vísar kærandi til eftirgreindra ákvæða: 3. mgr. 2. gr. D. liðs reglugerðar um félagaskipti; A. liðs reglugerðar um félagaskipti, sbr. sérstaklega 1., 2., 6. og 7. gr., með samanburðarskýringu við 1. og 2. gr. B. liðs reglugerðar um félagaskipti.

Jafnframt er vísað til 1. gr. F. liðs reglugerðarinnar, en ákvæðum greinarinnar mun ekki hafa verið fullnægt.

Varðandi sektarákvæði er vísað til upphafsákvæðis 1. mgr. gr. 4.4 og 3. mgr. gr. 4.5, í 4. kafla reglugerðar KSÍ.

Framlögð skjöl

Kærandi leggur fram eftirgreind skjöl:

1. Kæru þessa.
2. Afrit leikskýrslu.
3. Félagaskiptayfirlit frá KSÍ vegna Joan Nilsson.

Áskilnaður

Kærandi áskilur sér rétt til frekari rökstuðnings á málatilbúnaði sínum á síðari stigum málsins, ásamt framlagningu frekari gagna, vitnisburði og munnlegum málflutningi, gerist þess þörf.

Virðingarfyllst,
f.h. UMF Stjórnunnar,
Lúðvík Örn Steinarsson hdl.

Svar ÍBV við kæru Stjórnunnar

Vegna kæru UMF Stjórnunnar vegna fyrrnefnds leiks, sem við hörmum mjög að Stjarnan hafi kært því meintur ólöglegur leikmaður hafði engin áhrif á gang eða úrslit leiksins sem Stjarnan tapaði mjög sanngjarnlega, vill knattspyrnudeild ÍBV taka eftirfarandi fram: ÍBV mun ekki halda uppi vörnum í málinu.

F.h. knattspyrnudeildar ÍBV,
Þorsteinn Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Úrskurður Knattspyrnudómstóls Suðurlands

Föstudaginn 31. júlí 1998, er á dómþingi Knattspyrnudómstóll Suðurlands í máli nr. 2/1998.

Kæra knattspyrnudeildar UMF Stjórnunnar vegna leiks Íþróttabandalags Vestmannaeyja (ÍBV) og UMF Stjórnunnar í meistaraflokki kvenna í 8-liða úrslitum bikarkeppni KSÍ, Coca-Cola bikarkeppninnar, sem fram fór í Vestmannaeyjum miðvikudaginn 15. júlí 1998 kl. 20:00.

Var kveðinn upp svohljóðandi dómur

Mál þetta sem þingfest var hinn 30. júlí 1998 og tekið til dóms sama dag, er höfðað með kæru knattspyrnudeildar UMF Stjórnunnar vegna leiks Íþróttabandalags Vestmannaeyja (ÍBV) og UMF Stjórnunnar í meistaraflokki kvenna í 8-liða úrslitum bikarkeppni KSÍ, Coca-Cola bikarkeppninnar, sem fram fór í Vestmannaeyjum miðvikudaginn 15. júlí 1998 kl. 20:00.

Kærandi krefst þess að úrslit leiksins verði ógild og kæranda dæmdur sigur í leiknum 3-0. Jafnframt er þess krafist að hið kærða félag verði sektað skv. sektarákvæðum reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Við þingfestingu málsins var því lýst yfir af hálfu hins kærða félags að ekki yrði haldið uppi vörnum í málinu.

Ekki er tilefni til frekari lýsingar á málavöxtum en fram kemur í kæru á dskj. nr. 1. Brot hins kærða félags eru þar réttilega heimfærð og varða þau við reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Að framangreindu virtu og þeim gögnum sem liggja frammi í málinu þykir rétt að taka kröfu kæranda til greina og skulu úrslit í leik Íþróttabandalags Vestmannaeyja (ÍBV) og UMF

Stjórnunnar í meistaraflokki kvenna í 8-liða úrslitum bikarkeppni KSÍ, Coca-Cola bikarkeppninnar, sem fram fór í Vestmannaeyjum miðvikudaginn 15. júlí 1998 kl. 20:00, vera 3-0 knattspyrnudeild UMF Stjórnunnar í hag. Ennfremur greiði Íþróttabandalag Vestmannaeyja (ÍBV) kr. 24.000,- í sekt til KSÍ.

Sigurður Sigurjónsson hdl., Sigmundur Stefánsson og Helgi Bergmann Sigurðsson kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð

Úrslit í leik Íþróttabandalags Vestmannaeyja (ÍBV) og UMF Stjórnunnar í meistaraflokki kvenna í 8-liða úrslitum bikarkeppni KSÍ, Coca-Cola bikarkeppninnar, sem fram fór í Vestmannaeyjum miðvikudaginn 15. júlí 1998 kl. 20:00, skulu vera 3-0 knattspyrnudeild UMF Stjórnunnar í hag. Íþróttabandalag Vestmannaeyja (ÍBV) greiði kr. 24.000,- í sekt til KSÍ.

Sigurður Sigurjónsson hdl.
Sigmundur Stefánsson
Helgi Bergmann Sigurðsson